

Nd.

341. Frumvarp til laga

[156. mál]

um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugsgötu 21 í Borgarnesi, ásamt lóðarréttindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkv. beiðni hæstv. landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir í afstöðu sinni til frv.

Bréf landbúnaðarráðuneytisins til nefndarinnar fylgir hér með.

Fylgiskjal.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 23. febrúar 1965.

Um síðustu áramót festi ráðuneytið kaup á íbúðarhúsi Árna Björnssonar, forstjóra í Borgarnesi, fyrir dýralæknisbústað, þar sem um var að ræða mjög vandað og hentugt hús til þeirra nota. Var fjárveitinganefnd Alþingis gerð grein fyrir þeim kaupum með bréfi, dags. 28. október s. l.

Nú telur ráðuneytið æskilegt að selja gamla dýralæknisbústaðinn og hefur þegar fengið kautilboð í hann, og er hæsta boð kr. 615 000.00.

Þar sem ráðuneytið telur þetta kautilboð aðgengilegt eftir atvikum, vill það óska þess, að háttvirt landbúnaðarnefnd beri fram á Alþingi tillögu um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugsgötu 21 í Borgarnesi.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.